




Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Borgarholtsskóli í nýju lagaumhverfi

Starfsdagar í maí 2010



2010

Innihald

Dagskrá starfsdaga 25. og 26. maí 2010.....	3
Niðurstöður hópa	5
Hópur 3.....	5
Hópur 6.....	9
Hópur 7.....	10
Hópur 8.....	11
Pallborðsumræður að lokinni hópavinnu – helstu atriði.....	14
Ritari: Sigfríður.....	14
Ritari: Ásgeir Valdimarsson	19

Dagskrá starfsdaga 25. og 26. maí 2010

-->0000<--

Þriðjudagur 25. maí

- 9.00 – 9.45 Kennarafundur og kynning á hópavinnu
- 9.45 – 10.15 Kaffi
- 10.15 – 12.00 Hópavinna – tveir hópar um hvert verkefni
- 12.00 – 12.40 Matur í boði skólans
- 12.40 – 13.30 Hópavinna – hópar vinna saman að sameiginlegri niðurstöðu
- 13.30 – 15.00 Fulltrúar hópa kynna niðurstöður – pallborðsumræður

-->0000<--

Miðvikudagur 26. maí

- 9.00 – 14.29 Vinna undir stjórn kennslustjóra
- 14.30 Vorferð starfsmanna

-->0000<--

Verkefni vinnuhópa á starfsdögum Borgarholtsskóla í maí 2010

- Markmið:** Að líta inn á við, stuðla að almennri skólaþróun og marka stefnu. **Leitast við að finna leiðir í stað þess að telja upp vandamál og benda á hindranir.**
- Afurð:** Leiðarvísir Borgarholtsskóla.
- Vinnutilhögun:**
- Hópar hittast og finna sér aðstöðu.
 - Hver hópur greinir viðfangsefnið í 5 til 10 þætti sem hver og einn er afmarkaður með **spurningu**.
 - Hópnum e.t.v. skipt í **undirhópa** sem vinna að svörum við ákveðnum spurningum.
 - Málin rædd fram og til baka, út og suður.
 - Svör við spurningum **skráð**. Ritari sér um að koma svörum hópans til Antons eða Guðrúnar á tölvutæku formi.
 - Þeir hópar sem fjölluðu um sama umræðuefni hittast. Sameinaði hópurinn fer yfir helstu niðurstöður og kemur sér saman um **fulltrúa í pallborðsumræður**. Fulltrúinn kynnir spurningar og svör hópanna og tekur þátt í almennri umræðu um skólaþróun sem „sérfræðingur“ á sínu sviði.

Umræðuefnin

Hér að neðan eru þau málefni sem hóparnir fást við, hver í sínu lagi. Einnig eru sett fram nokkur stikkorð við hvert efni sem nota má í umræðunni en sá listi er lagt í frá tæmandi.

1. Menntun til sjálfbærni – grunnstoðir menntunar, þvert á fög, skólasamfélagið sem heild, almenn virkni.
2. Námsmat – fjölbreytni, ólíkar aðferðar, samræming, endurtekning vegna útskriftar, lágmarks viðmiðunareinkunn, sleppikerfi, prófatími.
3. Heilsueflandi Borgarholtsskóli – andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði, reykingar og tóbaksnotkun, áfengi og vímuefni, mataræði og heilsurækt.
4. Lýðræði – sérstaða í skólaumhverfinu, stjórnendur, starfsfólk, nemendur.
5. Múðlan – sóknarfæri, skyldunotkun, samræming.
6. Umsjón –tilgangur, virkni nemenda og kennara.
7. Tveggja eininga grunnáfangar – slakur námsárangur, kennslumagn á einingu, blöndun í bekk, tenging við áhugasvið.
8. Borgaravitund – virkur og ábyrgur einstaklingur í nær- og fjærsamfélagi.

Niðurstöður hópa

Hópur 3

Heilsueflandi framhaldsskólar – andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði

Borgarholtsskóli er búinn að sækja um sem heilsueflandi framhaldsskóli en 9 skólum verður veittur sá stimpill

Tóbaksnotkun

Reykingar: Í lögum og einkunnarorðum skólans er það alveg ljóst að tóbaksnotkun er ekki leyfð í skólanum né á skólalóð. Mikilvægt er að allir starfsmenn framfylgi þessum reglum og fylgi þeim vel eftir vegna þess að eftir því sem við stöndum saman því betri árangri náum við sbr. að fara úr útiskóm.

Munntóbak: Minnum á að munntóbaksnotkun er bönnuð í skólanum og á skólalóðinni. Gott er að fá fræðslu um málefnið fyrir nemendur og kennara en mestumvert er að fylgja banninu eftir og að allir séu samtaka. Einnig er mikilvægt að skólastjórnendur minni starfsfólk stöðugt á að framfylgja banninu. “Eftir höfðinu dansa limirnir.”

Við stingum uppá sameiginlegu átaki allra starfsmanna um að vísa nemendum til að hreinsa úr vörinni hvar sem er innan skólans og á skólalóðinni.

lydheilsustod.is/munntobak

Áfengi: Samkvæmt lögum er áfengisneysla ekki leyfð á Íslandi fyrir 20 ára aldur. Skólaböll hafa verið haldin á vegum skólans þar sem mikið eftirlit er með áfengisneyslu nemenda. Eftirlitið er orðið mun betra en fyrir nokkrum árum, en við veltum upp þeirri spurningu hversu langt á að fara með það að framfylgja þeim lögum að banna áfengisneyslu alfarið fyrir 20 ára aldur. Ýmis rök eru fyrir því að halda áfram með öflugra gæslu eins og verið hefur. Hin hliðin er þó sú að því seinna sem ungmenni byrja að drekka því minni líkur eru á ofdrykkju og því er mikilvægt að halda áfengi frá þeim eins lengi og hægt er en á skynsamlegan hátt þó. Er hægt að búa til nýja “venju” eða hefð þar sem áfengi er ekki haft við hönd í viðburðum á vegum skólans? Getum við haft félagslífið það aðlaðandi að óþarfi sé að áfengi sé um hönd.

Mataræði: Ef við ætlum að ná að vera heilsueflandi framhaldsskóli og að nemendum líði almennt betur og sýni meiri árangur þá þarf að endurskoða framboð á mat til nemenda í skólanum. Eftir að hafa skoðað matardagbækur nemenda til margra ára er það ljóst að mataræði nemenda er vægast sagt einhæft og næringarsnautt þegar á heildina er litið.

Nokkur árangur hefur náðst með því að hætta sölu á sælgæti en þó mætti draga úr því sæta bakkelsi og sætu gosdrykkjum sem boðið er upp á. Mikilvægt er að stilla ávöxum og öðru hollmeti á sýnilegan og girnilegan hátt og selja á hagstæðu verði. Í byrjun þarf öflugt átak þar sem skólinn fengi styrk til að aðstoða mötuneytið við að auka framboð á hollu mataræði. Heiti maturinn sem boðið er uppá hér er til fyrirmyndar en það sem hamlar því að nemendur kaupi hann er of mikill kostnaður. Skólinn er í raun frábær vettvangur til að ná til nemenda og ýta að þeim hollu fæðu. Við leggjum til að boðið verði upp á hafragraut í fyrstu frímínútum eins og vel hefur tekist í þónokkuð mörgum framhaldsskólum og grunnskólum. Einnig eru hugmyndir uppi um að haft verði samband við nærliggjandi matsölustaði og verslanir um að bjóða upp á holla vöru á góðu verði, t.d. 50% afsláttur af ávöxtum á “ávaxtaðögum,” líkt og nammidögum. Einnig er hægt að bíða upp á klippikort til að nota til kaups á ávaxtabikumum.

Andlegt, félagslegt og líkamlegt heilbrigði: Hugmynd er uppi um heilsufarsdagbækur fyrir bæði starfsfólk og nemendur. Þá yrðu starfsmenn og nemendur mældir einu sinni til tvisvar á ári á einfaldan hátt. Þá yrði mældur blóðþrýstingur, BMI (body mass index), fituprósentu og þol. Dagbókin væri þverfaglegt samstarf marga innan skólans. T.d. væri hægt að mæla BMI í lífsleikni, þol í íþróttum, fituprósentu í líffræði o.s.frv. Heilsufarsdagbókin gæti svo fylgt nemandanum út hans skólagöngu.

Hugmynd er uppi um að endurvekja heilsuviku einu sinni til tvisvar á ári. Einnig hugmynd um að búa til kort af svæðinu og bjóða uppá gönguferðir að mismunandi lengd.

Hreyfing: Á hverjum degi er nemendum skólans boðið upp á frábæra aðstöðu til æfinga í World Class þeim að kostnaðarlausu. Þessi aðstaða styrkir stöðu okkar verulega sem heilsueflandi framhaldsskóli. Væri hægt að beita einhverjum ráðum til að hvetja nemendur enn frekar til að nýta sér aðstöðuna? Efla má hreyfingu innan allra námsgreina með t.d. gönguferðum og fræðslu. Markmiðið er að vekja áhuga nemenda þ.a. þeir finni sér hreyfingu við sitt hæfi svo að meiri líkur séu á því að þeir haldi slíkri hreyfingu áfram.

Getum við aukið samstarf við íþróttafélaginu í grenndinni?

Aukum hvatningu við það að koma gangandi eða hlaupandi í skólann?

Getum við aukið fjölbreytni á þeirri hreyfingu sem boðið er uppá í skólanum (t.d. fleiri áfangar og fjölbreyttari)?

Tengja hreyfingu meira félagslífinu, t.d. brennókeppni á planinu, sundlaugarpartý og fleira?

Getum við aukið fræðslu varðandi mataræði og hreyfingu?

Getum við aukið samstarf við heilsugæslu t.d. varðandi mælingar á blóðsykri, blóðfitu ofl?

Getum við farið í samstarf við fyrirtækin í grenndinni um tilboð til nemenda, t.d. í sund, eða líkamsrækt.

Hópur 3B: Sigurður Þórir Þorsteinsson, Halla Karen Kristjánsdóttir, Marta Lunddal, Hlín Hjartar Magnúsdóttir og Íris Björk Eysteinsdóttir

Einn líkami – alla ævi

Heilsueflandi BHS

Finna leiðir fyrir markhópa skólans, nemendur og kennara = heildræn hollusta:

- ↗ Vitundavakning nemenda og kennara
 - Samstíga viðhorf: hjá kennurum og nemendum (Kennarar hafa sín persónulegu viðhorf t.d. gagnvart mataræði eða hreyfingu og lífstíl almennt sem endurspegla ekki endilega stefnu skólans)
 - Fræðsla: Koma af stað jákvæðri keðjuverkun (t.d. aukin hreyfing kallar oft á hugarfarsbreytingu varðandi mataræði) og benda fólki á leiðir til árangurs.
 - Átak á sem flestum sviðum
 - Lífsleikni
 - Tengja við umsjón
 - Heilsuvika/heilsudagar
 - Hinn gullni meðalvegur hvað varðar markmið og reyna að fá fram samvinnu sem flestra
- ↗ Fordæmi kennara. Við viljum að nemendur sýni aga í vinnubrögðum hvort sem það er í verknámi eða bóknámi (verkfæri á sinn stað-heimildir á sýnum stað!). Við getum ekki sagt við þau eitt og síðan gert eitthvað allt annað sjálf rétt fyrir framan nefið á þeim, sbr. reykingar. Er raunhæft sem uppalandi að vera með kröfur á völdum sviðum þar sem við erum sterk á svellinu og síðan hunsa þau svið þar sem við erum veik fyrir?
- ↗ Mötuneyti
 - Bindandi samstarf við mötuneyti
 - Stefnumótun þar sem lögð er áhersla á nemendur
 - Samráð við foreldra og nærumhverfi (t.d. verslanir í Spönginni)
 - Ekki pizzu og kók tilboð
- ↗ Hugmyndir að útfærslum, t.d. jóga eða slökun í frímínútum/byrjun tíma
- ↗ Virkja NFBHS, t.d. hugmyndabanki. Virkja nemendur til að koma með hugmyndir um hvernig þeir vilja móta heilsustefnu í eigin skóla.
- ↗ Foreldrafélag. Reglulegar áskoranir í gegnum fréttabréf. Samvinna við foreldra og fá þá sem þrýstihóp
- ↗ Hafragrautur: boðið upp á hafragraut á lágmarksverði á morgnana (alla daga – tvo daga?)
- ↗ Stjórnun.
 - Virðing fyrir yfirmönnum og ákvörðunum sem teknar eru og hafa verið ræddar
 - Þurfa að geta hrifið fólk með sér og hlusta á skólasamfélagið
 - Skýr skilaboð og að það eru afleiðingar á ítrekaðri hunsun fyrir mæla (ef það er ekki leyfilegt að reykja á skólalóð....þá er það EKKI leyfilegt!)
 - Á bak við skýr skilaboð eru skýr markmið

Almenn umræða um mataræði fór fram og þá sérstaklega í tengslum við mótuneyti og möguleika á samvinnu við forráðamann mótuneytis. T.d. ef hann á að taka út bakkelsi og aðra óhollustu þyrfti hann að fá einhverskonar „bætur“ tímabundið á aðlögunartíma.

Kennarahópur felur sig á bak við kredduhugsanir og allir í því að skaka að eigin köku og enginn annar fær bita. Það skal enginn ráðskast með mig! „Sjáiði mig hvað ég þrjóna hátt“, ég skal sko borða mín bjúgu, taka minn smók og hreyfa mig helst ekki neitt.

☞ Við erum ein HEILD – annars náum við ekki árangri.

Mikilvægt að opna fyrir umræðu þar sem öfgar og hófsemi mætast þannig að við sem samfélag getum fundið meðalveginn varðandi heilsueflandi Borgarholtsskóla

Borgarholtsskóli er framhaldsskóli, staðsettur við Mosaveg í Grafarvogi. **Hann er framsækinn og tæknivæddur nútímaskóli** með um 1500 nemendur og fjölbreytt [námsframboð](#).

Mikil birta og gott rými einkenna skólahúsið. Það skapar hlýlega og jákvæða umgjörð um skólastarfið.

Borgarholtsskóli hefur frá upphafi haft þá stefnu að stuðla að bókmennt, handmennt og siðmennt nemenda sinna.

Við skólann starfar samstilltur hópur [starfsfólks](#) sem sinnir kennslu, þjónustu við nemendur, stjórnun skólastarfsins ásamt eftirliti og þrífum á skólahúsnaðinu.

Leiðarljós í starfi okkar og samskiptum í skólanum eru agi, virðing, væntingar og við leggjum áherslu á jákvætt og hlýtt viðmót gagnvart nemendum.

Skólinn **starfar eftir [lögum um framhaldsskóla](#), [aðalnámskrá framhaldsskóla](#)** og ýmsum reglugerðum sem [Menntamálaráðuneytið](#) gefur út.

Ólafur Ingi Ólafsson, Hafrún Eva Arnardóttir, Gunnlaugur B. Ólafsson, Hanna Björg Gunnlaugsdóttir, Inga Lára Þórisdóttir.

Starfsdagur 25. maí 2010

Hópur 6A - Ágústa, Berglind, Inga, Kristveig og Sigurjón

Hópur 6B - Bjarni, Jón Hjaltalín, Ásgeir, Helgi Geir og Gísli

Helstu atriði úr umræðum beggja hópanna.

1. Nýnemaumsjón virðist ganga vel. Gott að hafa „sérfræðinga“ í þeirri vinnu.
2. 2 umsjónartímar á önn fyrir eldri nema – einn í byrjun annar og svo valtiminn um miðja önn. Umsjónarnemendur mæta svo á prófsýningu til að staðfesta valið – gekk vel núna (hins vegar erfitt að sinna prófsýningu og umsjónarnemendum á sama tíma, þyrfti kannski að setja staðfestingu kl. 11 og prófsýningu kl. 12?).

3. Kennsla í umsjónartíma grefur undan kerfinu.

4. Sleppa umsjónargatinu sem er hvort sem er illa nýtt í umsjón.

Umsjónartímar verði tuttugu mínútur í hádeginu, þrisvar sinnum á önn og jafnvel annar hópurinn af þeim tveimur sem deila stofunni sé þá fyrri hluta hádegishlésins en hinn hópurinn seinni hlutann.

Einkaviðtöl verði hins vegar notuð markvissar til að nálgast hvern og einn nemanda en þá er nauðsynlegt að bæta aðstöðuna til þess. Hver kennari finnur þá tíma þar sem hann og nemandinn hafa lausan.

5. Mikilvægt að ums-kennari haldi nemendum sem lengst – sumir kennarar hafa lent í að „missa“ sína nemendur þegar þeir skipta um braut.
6. Skerpa á upplýsingum um nemendur – mynd, netfang, heimilisfang, ... Passa upp á allt sé rétt við upphaf hverrar annar – ath. netföng foreldra. Mikilvægt fyrir námsráðgjafa að fá upplýsingar um
7. **Halda flækjustiginu sem lægstu!** Aukin þjónusta kostar peninga – nýtum það kerfi sem við höfum og gerum það skilvirkara í stað þess að flækja það.
8. Samskipti við foreldra? Mentor? Skiptar skoðanir um það – sumir hlynntir því en aðrir mikið á móti. Skýrr / INNA – senda foreldrum tölvupóst um mætingar – vantar inn í núverandi kerfi. Væri hægt að setja einkunnir í INNU?

9. Speglaherbergin í matsalnum sem viðtalsherbergi

Hópur 7

1. Tveggja eininga grunnáfangar-slakur námsárangur, kennslumagn á einingu, blöndun í bekki, tenging við áhugasvið.

Mættir: Ingibergur, Þorbjörn, Eiríkur, Jón Ingi, Hrund, Ásdís

Hver eru tengslin milli námsgengis í verklegum greinum og bóklegum?

Ingibergur: nemendur í verknámi standa sig vel í bóklegum greinum sem tengjast verklegu námi; ef bóknámið tengist áhugasviði nemandans gengur honum vel.

Hrund: sumum hentar ekki að lesa og skrifa. Í verklegu námi verður ekki áhugi á handavinnu að ýta undir áhuga nemenda á bókegu námi.

Ingibergur: kennarar í verknámi þurfa að fara miklu betur yfir það hvað þeir eru að kenna, hvernig nem. fái áhuga á því sem þeir eru að gera og hvernig þeir ljúki því.

Eiríkur: verknemar verða að átta sig á því að lestur og ritun eru mikilvæg.

Jón Ingi : mikil stærðfræði í efri áföngum málmiðna og spurning hvort ætti að tengja grunnáfanga í stæ betur við verklegt nám.

Jón Ingi: ekki gott að láta alla verknámsnemendur fara í tveggja eininga áfanga. Ætti að bjóða upp á fjöggra tíma og sex tíma áfanga fyrir nemendur í stað þess að láta alla í sex tíma (í ísl. Fá nem. aðeins 4 tíma á viku).

Ingibergur: ætti að samþætta ísl, stæ, og ensku verklegu námi á staðnum.

Hrund: gætu íslenskukennarar og verkgreinakennarar átt samstarf um verkefni nemenda í verkgreinum?

Ingibergur: tenging við áhugasvið: þarf að huga að því að allar námsgreinar tengist áhugasviði nemenda, samstarf kennara í ólíkum greinum þarf að vera miklu miera, blöndun í hópa er umhugsunarefni-slakir nemendur geta dregið niður betri nemendur.

Eiríkur: þarf að ákveða hvernig á að taka á vanda nemenda sem hafa fallið fjórum sinnum í sama áfanga. Enginn ætti að fara nema tvisvar í gegnum sama áfanga. Þá ætti að taka við sérstakt úrræði fyrir þessa nemendur sem gæti hjálpað þeim að klára hann.

Eiríkur: af hverju er verið að kenna dönsku í verknámi? Eru ekki allir manúalar á ensku? Ef verknemar ætla að fara í stúdentspróf taka þeir dönsku þegar þeir byrja á því.

Væri gott að greina hópinn sem fer í tveggja eininga áfanga eftir einkunnum þannig að nem. með hærri einkunnir færu í þrista.

Umræður í stórum hópi kl. 12:50-13:30

1. Auka samstarf kennara á styttri námsbrautum og bóknámskennara, setja niður fasta fundartíma fyrir þetta samstarf. Helstu rök:

Skoða þarf hvort það eru sömu nemendur sem eru slakir í verknámi og í bóknáminu.

Bóklegir áfangar taki mið af áhugasviði nemenda.

Verknemar taki ekki mikið bóklegt nám á fyrstu tveimur önnum, kannski tvo áfanga.

Kennslustjórar/fagstjórar leggi línur fyrir þetta samstarf.

2. Fá námskeið fyrir kennara til að mæta sérþörfum þessa nemendahóps. Hægt að koma námskeiðinu fyrir á starfsdögum eða huga að því hvernig á að koma því við. Farið yrði yfri kennsluaðferðir, skipulag kennslustunda, heimanám og stuðning foreldra.

3. Skoða inntöku nemenda í áfangann betur.

4. Bæta vinnuferla stoðþjónustunnar og skilaboð hennar til kennara.

5. Þegar nemendur hafa fallið oftari en tvisvar í áfanga þurfa þeir að fá önnur úrræði t.d. sérstakan bekk með meira utanumhald.

Önnur atriði en líka mikilvæg:

Endurskoða námsmat, minna vægi annaríenkunnar og stærra lokapróf ? (val kennara)

Foreldrasamstarf.

Styttri kennslustundir (60 mín)

Minni hópar.

Hópur 8

Borgaravitund

Dannelse

Sjálftektarsamfélag

Virðing innan skólans

Virðing utan skólans

Samkennd- hluti af heild

Vinna saman í hópum

Hlusta á aðra

Leysa málin

Umhverfismenntun

Hópurinn í heild
Umhverfisvitund
Mengunarmál
Nota minn/eyða minna
Meðvitund um umhverfi
Mötuneytið/út með einnota dót

Vera meðvituð um lög og reglur
Ferli í eyðingu
Gera hlutina sýnilegri
Rökrætt og hlusta á aðra
Kynna kostnað
Upplýsa nemendur og þau hafi kosningarétt
Gera hluta af skólasamfélaginu að nemendur taki þátt
Af hverju gera þau ákveðna hluti, rökfundir og tengja gilfinningum
Kveikja tilfinningar til að virkja meðvitundina
Kenna nemendum sjálfsábyrgð
Kennarar breyti námsefni eftir áhuga og vali nemenda
Gera nemendur
Jafnrétti og borgaravitun fléttist inn í allt nám
Hvað stuðlar að umburðalyndi
Geti sett sig í spor annarra
Ræða um lífið og tilveruna við nemendur

Frá nánasta umhverfi
Hafa réttindi og skyldur, hvernig er þessi stofnun rekin????
Ef maður hættir íi áfanga, hvað kosta,
Samfélagið, skila þessari hugsun þangað út
Rík þjóð sem er aflögu fær
Fordómar

1. Hvað er borgaravitund og hvernig kemur hún inn í skólastarfið? Að einstaklingur sé menntaður í öllum samfélagsþáttum sem gera hann að virkum og ábyrgum samfélagsþegn. Þetta er á ábyrgð hvers einasta kennara og alls starfsfólks skólans.
2. Hvernig komum við á umhverfisvitund, t.d. hafa ferlið ljóst um flokkun og eyðingu sorps? Kynna nemendum og starfsmönnum hvernig við minnkum úrgang
T.d. að í mötuneytinu séu mismunandi tunnur, að einnota dót sé tekið út. Að nemendur sjái sjálfir um þrífing, skipt eftir bekkjum. T.d. nota bakka og bakkavagna?
3. Hvernig stuðlum við að sjálfsábyrgð og samfélagsábyrgð?
Að t.d. upplýsa nemendur vel um verkefni og annað sem að þeim snýr, svo þau geti markað stefnuna og gert áætlun og unnið samkvæmt því. Að þau séu upplýst vel um að þau séu hluti af heild og ábyrgðin hvíli á okkur öllum
4. Hvernig tengjum við nærsamfélagið við fjærsamlagið?
Að reka skólann eins og lítið samfélag og að upplýsa alla um skyldur og réttindi. Með þessum teljum við að við skilum frá okkur góðum samfélagsþegnum.
5. Hvernig framkvæmum við jafnrétti og lýðræði í verki, gagnvart öllum hópum samfélagsins, innan skóla og utan?

Það þarf að upplýsa nemendur um lýðræði og jafnrétti og fá þau til að setja sig í annarra spor. Gera þeim grein fyrir að þetta er líka hagnýtt fyrir þau sjálf

6. . Að nemendur læri að hlusta á aðra og bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum. Hvernig sköpum við aðstæður til að nemendur verði færir í að leysa ágreiningsmál í skólasamfélaginu?

Meiri hópumræður í hverri grein, láta þau kynna og tala fyrir sínum verkefnum. Að þau hlusti hvert á annað og beri virðingu fyrir hvert öðru. Að nemendafélagið haldi opna fundi í sal og ræði málin opinskátt.

7. Gera rekstur skólans og alla starfssemi sýnilegri þannig að nemendur sjái samhengi við samfélagið, t.d. hver borgar?
Að nemendur verði virkir í umræðu og ákvörðanatöku skólans. T.d. einhverjir fulltrúar í hverjum hópi.

Borgaravitund:

1. **Hvað er borgaravitund og hvernig kemur hún inn í skólastarfið?** Að einstaklingur sé menntaður í öllum samfélagsþáttum sem gera hann að virkum og ábyrgum samfélagsþegn. Þetta er á ábyrgð hvers einasta kennara og alls starfsfólks skólans. Leggjum mikla áherslu á að þetta sé þverfaglegt hugtak og komi inn í allar kennslugreinar og allt starf skólans vinni að þessu.
2. **Hvernig komum við á umhverfisvitund, t.d. hafa ferlið ljóst um flokkun og eyðingu sorps?**
Kynna nemendum og starfsmönnum hvernig við minnkum úrgang
T.d. að í mótuneytinu séu mismunandi tunnur, að einnota dót sé tekið út. Að nemendur sjái sjálfir um þrifin, skipt eftir bekkjum. T.d. nota bakka og bakkavagna?
3. **Hvernig stuðlum við að sjálfsábyrgð og samfélagsábyrgð?**
Að t.d. upplýsa nemendur vel um verkefni og annað sem að þeim snýr, svo þau geti markað stefnuna og gert áætlun og unnið samkvæmt því. Að þau séu upplýst vel um að þau séu hluti af heild og ábyrgðin hvíli á okkur öllum
4. **Hvernig tengjum við nærsamfélagið við fjarsamlagið?**
Að reka skólann eins og lítið samfélag og að upplýsa alla um skyldur og réttindi. Með þessum teljum við að við skilum frá okkur góðum samfélagsþegnum. Skólinn þarfa ða byrja á sjálfum sér.
5. **Hvernig framkvæmum við jafnrétti og lýðræði í verki, gagnvart öllum hópum samfélagsins, innan skóla og utan?**
Það þarf að upplýsa nemendur um lýðræði og jafnrétti og fá þau til að setja sig í annarra spor. Gera þeim grein fyrir að þetta er líka hagnýtt fyrir þau sjálf. Bæta þarf lýðræðið í skólastarfinu og sinna upplýsingaskyldu gagnvart kennurum.
6. . **Að nemendur læri að hlusta á aðra og bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum. Hvernig sköpum við aðstæður til að nemendur verði færir í að leysa ágreiningsmál í skólasamfélaginu?**

Meiri hópumræður í hverri grein, láta þau kynna og tala fyrir sínum verkefnum. Að þau hlusti hvert á annað og beri virðingu fyrir hvert öðru. Að nemendafélagið haldi opna fundi í sal og ræði málin opinskátt. Stjórnendur haldi opna fundi

7. Hvernig gerum við rekstur skólans og alla starfssemi sýnilegri þannig að nemendur sjái samhengi við samfélagið, t.d. að útgjöld hér eru tekin af sjóðum landsins.?

Að nemendur verði virkir í umræðu og ákvörðanatöku skólans. T.d. einhverjir fulltrúar í hverjum hópi. Kynning í nærsamfélaginu gæti verið t.d. Grafarvogsdagurinn

8. Hvað er Grænfáninn?

Fá útskýringar frá umhverfisnefndinni og einnig um hvernig hún vinnur, kynna betur á vefsíðu skólans hvernig við vinnum að umhverfisstefnu. Innleiða á öll svið skólans.

9. Hvernig koma nemendur og starfsmenn á framfæri ábendingum og tillögum og þ.h. Setja upp kassa þar sem hægt er að skila inn ábendingum og tillögum.

10. Hvernig verður unnið með þessa skýrslu. Er von til þess að skólinn innleiði í sína starfsemi og stjórnun lýðræði og borgaravitund.

Pallborðsumræður að lokinni hópavinnu – helstu atriði

Ritari: Sigfríður

Gunnlaugur fundarstjóri. Guðmundur Þórhallsson tímavörður. Siffa og Ásgeir ritarar. Við pallborð sátu fulltrúar 8 hópa sem höfðu verið í hópastarfi fyrri hluta dags. Fulltrúi hvers hóps fékk 4 mín framsögu og umræður á eftir

Framsögur

Aðalsteinn - Námsmat

Engin formleg lokaniðurstaða fékkst í hópnum. Mikilvægt þykir að hafa samræmdar og skýrar reglur varðandi lokapróf fyrir nemendur sem eru að útskrifast, þ.a. nemendur séu meðvitaðir um hvort það sé hreint símat eða ekki. Símat án lokaprófs, prófáfangar með sleppikerfi eða ekki.

Leiðsagnarmat var rætt og talið vert að skoða betur. Hugsanlegt að kynna betur fyrir kennurum áður en nýju löggin taka gildi.

Ása – Borgaravitund og lýðræði í skólastarfi

Borgaravitund: Hinn fullkomni einstaklingur sem er lýðræðissinnaður og veit hvað er að gerast í kringum sig. Er jafnréttissinnaður, getur rökrætt, hefur gagnrýna hugsun og umhverfisvitund.

Hvernig ræktum við borgaravitund? Það fer fram í gegnum alla þætti skólastarfsins. Öll fög og allir starfsmenn taka þátt. Skólinn sem slíkur þarf að byrja. Vantar upp á upplýsingaferli innan skólans.

Mikilvægt að virkja nemendur í því að vera lýðræðissinnaðir. Sjálfsábyrgð, fylgja markmiðum.

Nemendur viti um rekstur skólans og viti hvað það kostar þegar þeir detta út úr skóla. Til að vera ábyrg þurfa þau að vita. Það þarf að upplýsa þau vel. Jafnrétti og virðing fyrir öllum hópum mikilvæg.

Umhverfismenntun. Grænfáninn. Þurfum að vera umhverfissinnuð. Betri stjórnun innan skólans. Hvernig fengum við grænfánann?? Óljóst hvernig verkefnið var unnið og viljum vera meðvituð um hvernig verkið var unnið.

Hvernig koma nemendur og stjórnendur ábendingum á framfæri? Gæti verið gott að koma upp kassa þar sem koma mætti með nafnlausar ábendingar.

Magnús Ingólfsson – Lýðræði í skólaumhverf

Fundarmenn tjáðu sig um merkingu orðsins lýðræði. Heilbrigð skoðanaskipti, gegnsæjar ákvarðanatökur. Gagnrýnin hugsun o.fl. Gefa ósætti rými. Íslendingar kunna það illa. Þjóðin kann ekki að vinna með ágreining.

Skóli er skýrt dæmi um stað þar sem ekki er um virkt lýðræði að ræða. Víðtækt umfjöllunarefni og því krafa um afurð óraunhæf. Félagsfræðikennarar hafa beðið nemendur að svara því hvað lýðræði er og þeir gera sér almennt ekki grein fyrir því hvað lýðræði er. Geta ekki tjáð sig um það. Grunnskólarnir að klicka?

Formi starfsdagsins ábótavant. Meiri fyrirvara á umræðuefninu. Gagnsæi í starfi skólans gæti verið mun meira og þá í þágu starfsmanna. Það þarf að setja af stað starfshóp um lýðræði í starfi skólans.

Kristján – Sjálfbærni

Hvernig geta starfsmenn orðið betri fyrirmyndir? Allir þurfa í sjálfskoðun. Átaksverkefni innan hverrar deildar að hausti með þemadögum. Hvað getur skólinn gert til að bæta orkunotkun. Ljós úti um allt. Alls konar vélar í gangi. Sparperur. Slökkva ljós. Hugmynd fyrir bíladeild: Pappír ->metan í stað olíukyndingar í sprautuklefa(?)

Virkja nemendur: Þemadagar, kolefnisjöfnun með gróðursetningu.

Minnka pappírshotkun-múðla.

Félagsleg sjálfbærni. Frjáls hugbúnaður sparar milljónir

Mötuneyti: Lífrænn matur.

Ásdís – Tveggja eininga áfangar.

Áhugi á auknu samstarfi kennara. Námsefni, námsmat, kennsluaðferðir – meira samstíga. Oft fólk sem á erfitt með bóklegt nám. Stór munur á bóklegri og verklegri getu. Ná meira út úr nemendum í bóklegum greinum.

Meginniðurstöður:

Aukið samstarf kennara. Fundartími fyrir þetta samstarf

Námskeið fyrir kennara til að mæta sérþörfum nemenda.

Bæta vinnuferla stoðþjónustunnar og skilaboð til kennara greiðlegar

Endurskoða inntöku í þessa hópa. Ekki sterka með veikum.

Önnur úrræði ef nemandi hefur fallið tvisvar í sama. Ekki falla þrisvar eða fjórum sinnum.

Halla Karen – Heilsueflandi Borgarholtsskóli

Öndunaræfing.

Reykingar og munntóbak: Bönnuð. Mikilvægt að allir starfsmenn framfylgi reglunum. Samstaða vísar á árangur. Stjórnun: Virðing fyrir yfirmönnum og ákvörðunum sem teknar hafa verið. Á bakvið skýr skilaboð þá eru skýr markmið. Standa saman út á við.

Áfengi: Áfengi ekki leyft fyrir nema innan 20 ára. Eftirlit á skólaböllum: Hversu langt á að ganga. Rök fyrir áframhaldandi gæslu. Þeim mun seinna sem börn byrja að drekka því betra. Getur félagslífið orðið það aðlaðandi að áfengi verði óþarfi?

Mataræði:

Margt gott. Sælgæti og ýmislegt annað farið út. Minnka bakkelski. Girnilegra hollmeti og sýnilegra. Tekur tíma að venja nemendur á hlutina. Meiri hagnaður oft á því óholla. Heiti maturinn of dýr fyrir krakkana. Reyna að láta þau sækja í heita matinn. Hafragrautur í boði?

Hreyfing:

Gott aðgengi er að allri hreyfingu. Nemendur og kennara geta hreyft sig á hverjum degi. Hvernig hægt að hvetja og örva betur? Hjálpa þeim til að finna hreyfingu við sitt hæfi. Hægt að koma hreyfingu inn í allar námsgreinar. Koma hreyfingu inn í félagslífið. Brennókeppni, sundlaugapartý o.fl.

Guðlaug María – Múðlan

Er námsnetið e-ð sem við viljum eða getum notað? Opinbert kerfi skólans? Á að skylda notkun?

Námsþingið jákvætt stoðtæki. Lágmarksskyldunotkun. Allir kennarar setji inn kennsluáætlanir. Á ábyrgð stjórnenda að innleiða notkun. Setja inn upplýsingar s.s. boðbera.

Skylda frá og með næsta hausti sem opinber námsvettvangur bhs.

Nemendur betur skikkaðir til að nota tölvukerfi skólans s.s. bhs póstin. Kenna í lífsleikni t.d. þá betur sett til að ná til allra.

Áhyggjur vegna tregðu starfsmanna til notkunar kerfisins. Þyrfti að vera samstaða um lágmarksnotkun. Nemendum líkar vel að hafa múðluna og okkur til hagsbóta að innleiða fyrir allra. 70% kennara nota núna. Dreifnámið byggist á notkun múðlunnar. Forsenda styrkingar dreifnáms. Ódýr námsleið sem nær um allt land.

Sterk rök og krafa frá nemendum um notkun kennara. Hvetjum stjórnendur til að ryðja leiðna.

Hvað felst í skyldunotkun?

Nóg að setja inn kennsluáætlun?

Bjarni – umsjónarkerfi

Nýnemaumsjón gengur vel. Sérfræðingar í þeirri vinnu. Berjast fyrir því að nemandi gangi í gegnum skólann með aðeins tvo umsjónarkennara.

Skipuleggja nám nemandans frá upphafi. Farið yfir á hverri önn þ.a. nemandi eigi auðveldar með að endurskipuleggja nám sitt.

Fastur umsjónartími. Þrisvar hist yfir önnina frá 13. – 13.20. Ekki raska töflu. Samt vikulega fyrir nýnema.

Vinum vel að grunnhlutum í þessum. Passa að skerpa á því að upplýsingar um nemendur á innu séu réttar og helst mynd.

Gera grunnhluti vel. Upplýsingar og námsskipulag. Hvað viljum við gera meira? Viljum við að foreldrar geti lesið þetta? Það kostar vinnu og upplýsingar. Skapar ósjálfstæði nemenda? Viljum við launaða umsjónarkennara eins og áður var? Getum við notað múðluna í umsjónarkerfið.

Grunnhlutina skýra. Viðtölin frekar færri. Kannski eitt á ári eða eitt á námsferli eftir aðstæðum. Viðtalsherbergi ónauðsynlegt.

Innlegg og umræður:

Gunnlaugur stingur upp á því að tölvum sé lokað á meðan framtíðarsýn er mótuð. Vera með vitund og vera til staðar. Vita um viðhorf og tilfinningar sem ráða lífsstíl okkar.

Boðið upp á innlegg um þemun sem hafa verið til umræðu. Ása biður um innlegg um grænfánann. Kristinn svarar með tilvísun í skýrslu á umhverfisvef skólans.

Kristinn: Hvað þarf að gera til að halda grænfánanum? Vera með þemaviku á hverri önn. Byrja önnina á undirbúning. Ætti að vera fléttað inn í hverja kennsluáætlun. Í lok september vika tengd sjálfbærri þróun. Fjögur eða átta þemu svo að hver nemandi snerti á hverju þema. Nemendur missa áhuga á efninu með aldrinum. Áhugi í grunnskóla minnkar í framhaldsskóla en eykst aftur eftir tvítugt.

Bryndís vekur athygli á disk Kristína Völu um sjálfbærni.

Umræða um hóp sem heldur utan um hvernig hægt er að tengja sjálfbærni inn í kennslu. Bernd: Alls staðar í skólanum. Ekki hér og þar. Ekki bara endurvinnna heldur forðast það sem við ekki þurfum. Heildrænt.

Guðrún Ragnars: Styður fjögurra ára ferlið sem Kristinn stingur upp á.

Jette: Bendir á námskeið á vegum endurmenntunar um sjálfbærni í skólastarfi 15. og 16.júní.

Gunnlaugur: Lýðræði heilsa og sjálfbærni tengt við vitund.

Íris Björk: Hver nemandi fái heilsufarsbók einu sinni á ári. BMI, fitumæling, blóðþrýstingur o.s.frv. Aðhald í að fylgjast sjálfur með. Heilsuvika. Samstarf við heilsugæsluna?

Guðrún R: Hugmyndin um heilsueflandi framhaldsskóla tekur ekki bara til nemenda heldur starfsfólks líka.

Ingibergur: Umhverfismál og heilsa – það viðfangsefni sem snertir flesta er tóbaksreykingar. Á eftir ár verið rætt um hvernig framfylgja á lögnum. Nú verðum við að taka á málinu eftir bréfið frá krabbameinsfélaginu. Allir kennara verða að taka höndum saman um þetta mál. Kennarar verða að gera þetta annars staðar. Síðast þegar lóðin var hreinsuð voru tvær fullar hjólbörur af sígarettustubbum. Tengist heilsu og umhverfi. Varðandi grænfánann. Höfum ekki verið að gera nógu vel í flokkun sorps. Kassarnir í stofum lítið notaðir.

Sigurborg: Búin að fá nóg af því að skamma nemendur fyrir reykingar. Valdboð að ofan gera ekkert gagn ef nemendur sjá ekki skaðsemina. Markhópurinn þarf að vera með.

Hákon eftir áskorun fundarstjóra: Ef nemenda yrði rekinn úr skólanum fyrir að reykja myndi hann hætta strax. Orð og framkvæmd verða að fylgjast að. Umræður meðal nemenda. Fór inn með sínar skoðanir og fékk betri umræður heldur en þegar hann hvetur til umræðu og heldur sínum skoðunum til hlés.

Lilja: Tenging sjálfbærni og lýðræðis? spurning til Kristins. Kristinn: Sjálfbærni snýr að vistfræðilegra, hagfræðilegra og félagslegra þátta. Lýðræðislegir þættir koma inn í félagslega hlutann.

Ingibergur: Hvers vegna fundir hér (í stofu 103) en ekki í fína salnum frammi? Tekið undir það.

Ari eftir áskorun Gunnlaugs: Framtíðarsýn: Skóli þar sem nemendur eru fullir áhuga og þyrstir í þekkingu... o.s.frv. Raunveruleikinn: Vandamál og þreyttir einbeitingarlausir nemendur. Hvers vegna? Vandamálið er spurning um heilsu og streitu. Gegn streitu má vinna með hugleiðslu. Streita er grundvallarvandamál í skólastarfi.

Framtíðarsýn pallsins að ósk fundarstjóra:

Aðalsteinn: Stærri styrkur til heilsuefningar kennara.

Ása: Mötuneytið huggulegra og betri matur handa krökkunum. Hafragrautur og fallegir ávextir.

Magnús Ingólfsson: Gerði rannsókn á lýðræði meðal nemenda. Nemendur vissu ekkert hvað lýðræði var. Önnur eigin rannsókn sýndi að fullorðnir eru ekki mikið skárri varðandi lýðræði. Öll vandamál skólans má rekja til þess að hér er ekki lýðræði. Naflaskoðun innan skólans varðandi lýðræði nauðsynleg. Áhersla á siðfræðikennslu frá og með næsta hausti.

Kristján: Allir spyrji sig hvernig þeir geti komið sjálfbærni að í skólastarfinu og í hverri grein á næstu önn.

Ásdís: Kennarinn þarf stuðning í sínu starfi. Nóg af vilja. Betri samvinnu við að setja hugmyndir í farveg til að geta haft áhrif á nemendur. Kennarinn sjálfur sem einstaklingur þarf líka að fá stuðning. Minna þreyttur og minna streittur kennari er framtíðarsýn.

Halla: Undirstaða góðs námsmann er góð hreyfing og gott mataræði. Matardagbækur sýna að mataræði nemenda er einhæft og næringarsnautt. Skólinn góður vettvangur til að hafa áhrif á það. Endurskoða mötuneytið. Það sem þú ert hljómar svo hátt að það sem þú segir heyrir ekki.

Guðlaug María: Við höfum ekki tíma til að bíða eftir unga fólkinu. Við verðum að læra nýja hluti til að geta fylgst með nemendum. Mikilvægt að vera alltaf að læra e-ð nýtt. Framtíðarsýn: Að færri nem líði illa í skólanum. Aðstaða til listnáms verði eflid.

Bjarni: Skólinn er að breytast. Öðruvísi tækifæri verðum því að opna skólann í samræmi við það.

Ritari: Ásgeir Valdimarsson

Gulli : 4 mínútur hver hópur

Aðalsteinn: Námsmat. Samræmdar og skýrar reglur fyrir nemendur sem eru að útskrifast. Tveir sjensar: símat og svo lokapróf ef nemandi nær ekki símati.

Leiðsagnarnám. Stjórnendur hugleiði það.

Ása: Borgaravitund og lýðræði í skólastarfi. Lýðræðisvitund, gagnrýn hugsun. Að rækta borgaravitund. Upplýsingaferli innan skólans má bæta. Fá nemendur með í umræður um skólastarfið. Gera þá ábyrgari um rekstur og fjárhag skólans.

Grænfáninn, af hverju?

Kassa fyrir ábendingar.

Magnús Ing.: Lýðræði í skólaumhverfi. Málfrelsi, tjáningafrelsi, gefa ósætti rými, þjóðin kann ekki að vinna með ágreining. Ekki virkt lýðræði í skólum, einræði í skólum. Nemendur skilja ekki lýðræði skv könnun félagsfræðikennara. Meira gegnsæi í starfi skólans. Skilgreina hvað er lýðræði í skólastarfi. Umræðuhóp.

Kristján Gunnars: Sjálfbærni í skólastarfi. Hvernig geta starfsmenn orðið til fyrirmyndar í þessu. Orkunotkun? Sparperur, slökkva ljós. Kaupa metan til að kynda sprautuklefann.

Nota námsþingið til að minnka pappírnotkun. Nota Open source forrit. Lífrænan mat beint frá bónda í mötuneyti.

Ásdís: Tveggja eininga áfangar. Blöndun í bekk, slæmur námsárangur.

Þóra: 4 atriði: Auka samstarf kennara á styttri starfsnámsbrautum og bóknáms Námsskeið fyrir kennara.

Skoða inntöku nemenda í þessa áfanga, fari í þriggja ein ef einkunn leyfir

Fá önnur úrræði ef falla tvisvar

Halla Karen: Heilsueflandi BHS. Reykingar, Áfengi, Matarræði, Heilsurækt...

Reykingar er ekki leyfðar en fylgja þarf eftir reglum þar um.

Áfengisnotkun, nú er eftirlit orðið betra en var. Hversu langt á að ganga í þessu?

Getum við haft félagslífið aðlaðandi samt?

Matarræði. Alltof mikið af bakariisvörum. Fá heilsunammi sem er flott með stuðningi frá skólanum. Heiti maturinn góður en of dýr fyrir nemendur. Hafa hafragraut á morgnana.

Gott aðgengi að hreyfingu hér handan götunnar. Koma meiri hreyfingu inn í skólasterfið.

Guðlaug María: Námsþingið, Múðlan. Getur við notað það? Viljum námsþingið. Skylda lágmarksnotkun, kennsluáætlanir þar inn. Hvatt til að nota það sem samskiptakerfi í skólanum. Allir nemendur noti BHS netfang. Hjálpa starfsmönnum sem eru tregir til að nota námsþingið. En dreifnám byggist alveg á námsþinginu. Nemendur margir vilja að kennarar noti námsþingið.

Bjarni Jóhanns: Umsjónarkerfið. Nýnemaumsjónin gengur vel. Nem. Fari gegnum skólann með aðeins tvo umskenn. Skipuleggja námið frá upphafi til enda er mikilvægt.

Umsjónartími verði kl. 13-13:20. Þá þarf ekki að raska stundatöflu skólans.

Passa að nemandi hafi mynd og GSM númer rétt í INNU. Rétt netföng. Viljum við kerfi eins og Mentor í grunnskóla? Eða launaða umsjónarkennara? Nota múðluna í umsjón?

Eitt viðtal á ári? Viðtalsherbergi í Glerskála í anddyri?

Gunnlaugur. Framsögum lokið. Leiðum hugann að framtíðarstefnu skólans. Þema í framtíðarsýn skólans.

Kristinn G: Útskýrir grænfánann og talar um 4 þemu, www.bhs.is/umhverfisvefur

Lýðræði, jafningjafræðsla, en áhugi dofna milli 16-20 ára. Samofinn í kennsluefni

Bryndís minnir á disk Kristínar Völu um sjálfbærni

‘asdís hvernig tengi ég mig við þetta.

Bernd: allar deildir skoði sig hvað þetta varðar

Guðrún: Gott að hafa 4 ára ferli nemenda

Jette: Námskeið 15-16. Júní 2010 um sjálfbærni hjá Endurmenntun.

Gunnlaugur : Lýðræði, heilsa og sjálfbærni:

Íris íþróttakennari: Heilsufarsbók fyrir hvern kennara. Tékka á hverjum einu sinni á ári.

Og heilsufarsdagbók fyrir hvern nemanda einnig. Sem þeir fá svo að eiga eftir að name lýkur. Verðlaun í lokin?

Ingibergur: Mörg málefni rædd. Umhverfismál og heilsa t.d. Marga snerta tóbaksreykingar. Nú verðum við að taka á reykingunum. Tvær fuller hjólbörur af stubbum af lóðinni. Ruslið ekki flokkað. En reykingar á skólalóðinni verður að stoppa.

Gunnl. Fiskar í Thames f'sinn skammt af þunglyndislyfjum með affallinu.

Sigurborg: Markhóp með í baráttu gegn reykingum

Hákon: Ef nemendur yrðu reknir úr skólanum fyrir að reykja hér myndu þeir hætta strax.

Orð án eftirfylgni eru orðhengilsháttur og virkar ekki. Bílanotkun of mikil. Bakkelsið í mötuneyti er ekki matur. Skylda okkar er mikil í þessu þjóðfélagi í dag.

Lilja: Sjálfbærni og lýðræði. Hvernig tengjast þessi hugtök.

Kristinn: Þetta er fá Gro Harlem Brundtland. Að það sem þú gerir spilli ekki landi, skaði ekki umhverfi, sálarlífi, sé félagslega réttlátt.

Ingibergur: Höfum fundi í salnum en ekki í stofum 103-5

Ari H: Heildræn hugsun í skóla. Nemendur mæta á morgnana fuller áhuga, þyrstir í þekkingu, skýrir í hugsun, skila verkefnum á réttum tíma, ná góðum árangri í prófum. En þeir eru ekki svona. Mæta á morgnana sljóir, einbeitingarlausir, annars hugar, latir.

Gegn þessu má vinna með innhverfi íhugun. Þess vegna sótti ég um skólameistarastöðuna. En býst ekki við að fá hana.

Ása:

Magnús Ing: Ræðir um lýðræði. Kennd verði siðfræði í haust. Kennum um stjórnkerfið.

Kristján G: Allir spyrji sig í sumar: Hvernig getum við komið sjálfbærni inn í mitt skólastarf .

Ásdís: Kennarinn þarf mikinn stuðning í sínu starfi. Vonandi tekst okkur betur að vinna saman. Fá nemendur til að ganga í skólann ef þau eiga heima hér nálægt. Minna þreyttur og minna streittur er til bóta.

Halla Karen: Passa vel upp á okkar eina líkama. Það sem þú ert er svo hátt að það sem þú segir heyrir ekki.

Guðlaug: Höfum ekki tíma til að bíða eftir nemendum vegna nýjunga. Okkur líður vel ef okkur finnst gaman.

Bjarni: Erum að búa nemendur undir nýjan heim. Fleiri tækifæri, opna þarf skólann fyrir ýmsu nýju.